

Garðabær
B.t. Bæjarstjórnar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 2. júní 2016.


Efni: Athugasemdir við lagningu útivistarstígs á Álftanesi

Til LEX lögmennsstofu hefur leitað Erlendur Kristjánsson kt. 190982-3009, eigandi landspildu A úr landi Grundar á Álftanesi, fastanr. 208-1284, landnr. 215102 og falið undirrituðum lögmanni að gæta hagsmuna sinna vegna yfirstandandi framkvæmda Garðabæjar við lagningu útivistarstígs um land umbjóðanda míns.

Á aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 er gert ráð fyrir að útivistarstígur sé lagður meðfram strandlengju Álftaness, þar með talið um land umbjóðanda míns. Áður en framkvæmd við gerð slíks stígs getur hafist er Garðabæ nauðsynlegt að tryggja sér eignarráð yfir landi undir stíginn í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010. Þau eignarráð hefur bærinn ekki tryggt sér og engar viðræður átt sér stað milli bæjarins og umbjóðanda míns varðandi ráðstöfun á landi í þessum tilgangi.

Þrátt fyrir að Garðabær hafi ekki tryggt sér eignarráð yfir landi umbjóðanda míns hefur bærinn hafið framkvæmdir við gerð útivistarstígs frá Blikastíg og inn fyrir lóðarmörk lands umbjóðanda míns. Hefur framkvæmdaraðili farið um stíginn með þungaflutningabifreiðum, keyrt í hann jarðefni og slétt úr. Gengu þessar framkvæmdir svo langt að í upphafi síðasta mánaðar hóf framkvæmdaraðili að færa til stærðarinnar grjót sem stóðu á lóðarmörkum lands umbjóðanda míns. Gerði framkvæmdaraðili í framhaldinu tilraun til að halda áfram lagningu stígsins í gegnum land umbjóðanda míns með því að keyra inn á landið jarðefni. Þær tilraunir voru stoppaðar umbjóðanda mínum sem færði aftur á sinn stað það grjót sem stóð á lóðarmörkum, svo leiðin varð á ný ófær þungaflutningabifreiðum. Þegar umbjóðandi minn mætti á starfsstöð sína í gær varð honum ljóst að búið var að fjarlægja grjót þetta svo það var hvergi sjáanlegt. Standa allar líkur til þess að framkvæmdaraðili á vegum Garðabæjar hafi þar verið að verki.

Umbjóðandi minn gerir alvarlegar athugasemdir við þessa framkvæmd Garðabæjar en ljóst er að bærinn er í fullkomnum órétti varðandi lagningu útivistarstígsins. Með framkvæmdinni er Garðabær að gerast brotlegur við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og eignarréttindi umbjóðanda míns sem verndar njóta samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Er þess krafist að tafarlaust látið verði af öllum framkvæmdum á landi umbjóðanda míns og að allt jarðrask í landi hans verði fært til fyrra horfs. Verði svo ekki gert mun umbjóðandi minn leita bráðabirgðagerða til verndar réttindum sínum og krefja bæinn um allan kostnað sem af þeim aðgerðum kemur til með að hljóta.

Virðingarfyllt,

Birgir Már Björnsson hdl.